

LJOMANDI FALLEGAR SILKIPJOTLUR
til að búa til úr rúmabreitur —
"Crazy Patchwork."—Stórt úr-
val af stórum silki-afklippum,
hentugar í ábreitur, kotta, sess-
ur og fl.—Stór "pakki" á 25c,
fimm fyrir \$1.
PEOPLE'S SPECIALTIES CO.
Dept. 23, P.O. Box 1836
WINNIPEG

Voröld

HEY! HEY!
Sendið heyð ykkar til íslensku hey-
kaupmannanna, og fáið hæsta verð,
einnig fljóta afgreiðslu. Peningar lán-
aðir á "kór" send beint til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður á-
nægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsmi G. 2209. Nætur talsmi S. 3247
Winnipeg, Man.

1. ARGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA, 3. SEPTEMBER, 1918

NÚMÉR 30.



SERA WILLIAM IVENS, M.A., B.D.
Ritstjóri Western Labor News og prestur verkamannakirkjunnar.

verður fólkið sveft aftur svefni aðvaraleysis, skilningsleysis, sund-
rangar og afskiptaleysis eins og áður. Þetta er það sem
að nota það fé sem bóndinn og verkamaðurinn hefir framleitt til
þess að láta það eyða kröftum sínum í baráttu innbyrðis til þess að
hinir völdugu og fáu ráði yfir fjöldanum, eins og tvístruðum sautum?
Eða taka þessir menn—vinnendur þjóðanna—saman höndum sér til
sameiginlegrar varnar á móti kúgaranum og okranum og hinum
sístelandi stjórnmálaúlfí?

Sorgleg reynsla, hryggileg vonbrigði, grátleg dæmi standa öllum
hugsandi mönnum fyrir sálarsjónum og lama trúna á framtíðina.
En þrátt fyrir allt og allt sér til sólar; andi hins mikla guðs kærleika
og hugrekklis hefir stígið niður til vor og tekið sér bústað í sálum
einstakra manna vor á meðal; gýðja bræðralags samtaka hefir
snortið hjörtu hins undirokaða fjölda með sprota skilnings og heil
brigðrar sjónar, og menn hafa rétt hver öðrum hönd sína í fullu
trausti með staðföstu áformi um órjúfanlegt bandalag þangað til
sigur er hlotinn.

Í gær var einn hinna merkustu daga ársins—dagurinn sem sam-
einar allar ársins hátíðir í eðli sínu—það var hin svokallaði verka-
mannadagur—Upphaflega var þeim degi litill gaumur gefinn, en nú
beygja sig allir undir helgi hans, bæði völdugir og vesælir.

Aldrei hefir verkamannadagurinn verið eins dýrðlegur hér í
Winnipeg og nú í ár. Aldrei hefir verkamaðurinn getað lyft sinni
þreyttu hönd eins létilega til þess að strjúka svitann af sinni heiðu
brá og einmitt nú.—Já einmitt nú, þrátt fyrir allt og allt.

Hjón líðna ár hefir verið dýrðlegra og viðburðaríkara í heimi
verkamanna en nokkurt annað ár í sögu mannkynsins. Gýðja
frelsisins stendur með ljóskei í hendi og bendir á brautir dýrðlegrar
framtíðar.

Á hinum heiða og háa himni bjartna vona sést hönd hins lifanda
guðs réttlætisins skrifa með logandi letri dauðadóm einveldis og of-
beldis, og hin sama hönd ritar með sama letri erfðaskrá hins nýja
ríkis sem fengin er í hendur þeim sem jörðina hefir skapað—verka-
manninum.

Síðan Voröld fæddist hefir hún gjört sér far um að flytja fréttir
úr verkamannaheiminum; lesendum hennar er því nokkurnveginn
kunnigt um það sem þar er að gerast. Um starfsemi þeirra sem
fremstir hafa gengið og hest hafa lyft ánu dýrðlega merki verka-



F. G. TIPPING
Forseti hinna sameinuðu verkamannafélaga. Hann er kventur
íslenskri konu, Dóru Eldon.

TÍMAMÓT OG BYLTINGAR

Þetta eru tímar byltinga og breytinga. Hugir manna og sálir
eru eins og kvíkt haf sem hver mínsti blær setur í hreyfingu. Ein
aldan færir aðra og bryndir annari áfram.


Ög vindurinn séi öldurnar vekur, stendur ekki úr einni átt,
hann bles úr öllum áttum og í allar áttir í sen. Haf manlegra
hugsana er því eitt ómæðilegt ógandi djúp—ómæðilegt í allar áttir
og í öllum skilningi.

Væðin er óráðin, framtíðin hulín og gátunur margar.

Hvað skedur eftir öll ósköpin sem á ganga í Evrópu? Hvað
skedur eftir stríðin? Hvaða breytingar verða á fyrirkomulaginu í
heiminum? Hvernig breytist stjórna landanna eða þjóðanna? eða
helzt-hún óbreytt? Verða það hinir fáu og völdugu sem um stjórna-
völinn halda eftirléðis eins og hingad til? Verður sú aðvótandi
uppskerunnar sem eigi sáði, eins og verið hefir, eða gýtur hinu starf-
andi maður, verka sína og framleiðslu í fyllra máli en fyr? Verður
það fólkið—verkalýður í bygd og bæ,—sem stjórnar landinu, eða



ALEXANDER JOHN QUEEN
Ráðsmaður Western Labor News og þajarráðsmaður í Winnipeg.



F. J. DIXON

Þingmaður fyrir Mið-Winnipeg og braut-ryðjandi frjálsra skoðana.

mannanna hefir talsvert birst í Voröld, en sjálfa þá höfum vér ekki
getað sýnt líkamlega fyr en nú.

Sagan endurtekur sig ávalt á þann hátt að drottinn vekur upp
spámenn sem leida fólkið á þrautagöngu þess yfir eyðimörkina. Svo
hefir það orðið hér. Fáein nöfn slíkra spámanna hafið þér, lesendur
Voraldar þegar séð og heyrð. Líkamlega mynd þeirra fjöggra
sjáid þér í dag og eru þeir allir kjörnir leiðtogar hins mikla flokks
sem á að frelsa þjóð vora úr höndum okurs og ánaudar.

F. J. Dixon, þingmann fyrir Mið-Winnipeg, þekkið þér öll; lík-
amsmynd hans hafið þér flestir séð áður og sálar áhrif hans hafa
snortið yður. Séra William Ivens ritstjóri blaðsins "Western
Labor News," er sá Móses sem til þess hefir verið sendur að leida
fjöldann í gegn um hættur eyðimerkurinnar; Alexander John
Queen, þajarráðsmaður í Winnipeg og ráðsmaður blaðsins Labor
News, (er meðal verkamanna nefndur "Ljónshjarta," sökum
þess hugrekklis er hann hefir sýnt), og F. G. Tipping hefir verið trú-
að fyrir stjórnvöl hins mikla byrðings í hafróti því sem nú stendur
yfir. Hann er formaður hinna sameinuðu verkamanna félaga.
Tipping er hámentaður maður og var háskólastjóri en gaf upp þá
stöðu til þess að helga starf sitt hinu miklu verkamannahreyfingu.
Kona hans er íslensk—Dóra, dóttir Jóns sál. Eldons og Þórdísar
konu hans.

Tímamót og byltingar eru í nánd—þeir sem skylja tákn tímans
sjá hönd hins völduga anda breytinganna rita á vegginn; það letur
er skýrt og skiljanlegt; látum oss lesa þar boðorð og guðspjall hins
nýja tíma.

"Á vegginn ritar drottinn hulda hönd
þær helgu rúnir skilji mannleg önd
því andi skilnings frelsar lýð og lönd
og leysir öll hin fornu þrælabönd.

Að vilja það er skylda skapaðs manns,
að skilja—það er björg og lífgjöf hans;
hann finnur blessun guðs og lýðs og lands
ef leitir hann í nafni sannleikans."

Sigurvinningar Bandamanna halda áfram.

ÞEIR BRJÓTAST Í GEGNUM HVERJA FYLKINGU ÞJÓÐVERJA
A FÆTUR ANNARI. FJÖLDI BÆJA, ÖGRYNNI VOPNA OG
SÆGUR FANGA HERTEKID DAGLEGA. ALGERÐUR SIGUR
TALINN Í NÁND EF ÞESSU HELÐUR AFRAM, SEM LÍKLEGT
ÞYKIR.

Íslandsblöð komu í dag; fréttir úr þeim næst.—Séra Jónas frá
Hrafnagili látinn.

Tvö afmæli í skotgröfunum



Í fyrra birtist mynd í Lögbergi af Walter Eggertssyni.
Hann var þá 21. árs að aldri og var í skotgröfum á Frakk-
landi á afmælisdaginn sinn. Í dag er hann 22. ára og er
enn í skotgröfunum. Vér tókum þetta tækifæri til þess að
láta Voröld birta mynd af honum sem tekin var þegar hann
stundaði nám við Wesley skólann í Winnipeg. Hann var
þar meðal hinna fremstu að reglusemi og siðprýði og eru
slíkir menn ávalt sómi þjóðar vorrar.

Walter er son þeirra Guðvalda Eggertsonar kjótsala
hér í bænum og Ragnheiður (Vaage) konu hans.

Beztu ósk sem vér getum flutt honum við þetta tækifæri er sú að hann verði kominn heim heill á húfi næsta
afmælisdag.